

Ný staða í framboðsmálum í Geðhjálp:

Ég hef séð fólk brotna saman

GEÐHJÁLÞ „Ég er stálhraustur og þetta hefur ekki gengið að heilsu minni, ég hef hinsvegar séð fólk brotna niður allt í kringum mig. Ég er ýmsu vanur og hef tekið þessu af æðruleysi,“ sagði Sigursteinn Mátsson stjórnarmaður í Geðhjálp, en hann hefur sagst ekki vera í framboði til formanns í Geðhjálp, en vitað er að talsvert hefur verið þrýst á hann til að gefa kost á sér.

„Ég er ekki í framboði en útiloka ekki neitt,“ sagði Sigursteinn. Hann segir að hann sitji í stjórn Geðhjálpar, var kosinn fyrir ári til tveggja ára og hafi í eitt ár gegnt starfi varaformanns.

◆
„Ég er ekki í framboði en útiloka ekki neitt.“
◆

Sigursteinn segist ekki geta útilokað að fari mál farsælega muni hann endurskoða afstöðu sína og gefa kost á sér til formanns. „En fari mál með versta hætti mun ég hætta öllum afskiptum af starfsemi Geðhjálpar.“ Hann segist meðal annars vera að taka tillit til ástvina þegar hann segist sér ekki áfram um að fara í kosningaslag um formannssæti Geðhjálpar. ■

SIGURSTEINN MÁSSON
hyggst draga framboð til formanns
Geðhjálpar til baka

